# Beitarhólf í Hafnarfirði - Kjóadalur

30.1 ´18

**Minnisblað**

Lagt er til að Kjóadalurinn verði auglýstur til laus til umsóknar nú þegar. Stuðst verði við eftirfarandi forsendur:

- Svæðið verður boðið út til fyrirtækja á svæðinu í hestaferðamennsku. Hér er þá ekki verið að tala um íþróttafélagið, tamningarmenn eða aðra.
- Greiðsla fyrir allt svæðið sé 200.000 kr/á ári. Verði svæðinu skipt upp hlutfallast kostnaður á milli þeirra. Hér þarf að skoða hvort eigi að skipta svæðinu t.d. að hámarki í tvennt.
- Samningur verður svo gerður við þá sem fá úthlutað. Þar verði kvaðir með sama hætti og hefur verið á svæðinu, girðingar, áburðargjöf og slíkt verði alfarið á ábyrgð notenda.
- Samningslengd og uppsagnarákvæði þarf að skoða sértaklega.

Tillaga að orðavali í auglýsingu :

*Hafnarfjarðarbær auglýsir laust til umsóknar beitarhólf í Kjóadal fyrir fyrirtæki á svæðinu sem eru í hestaferðamennsku. Greiðsla fyrir allt svæðið er 200 þ. kr. á ári. Verði svæðinu úthlutað til fleiri en eins aðila mun kostnaður skiptast á milli eftir stærð úthlutunar. Gerður verður samningur um notkun hólfsins.*

Virðingarfyllst,

Ishmael David
Framkvæmdadeild Hafnarfjarðar